



Áfallaáætlun Lækjar

Sorg og sorgarviðbrögð



Ábyrgðarmenn:

Kristín Laufey Guðjónsdóttir
Edda Guðrún Valdimarsdóttir
Guðrún Matthildur Arnardóttir
Eyrún Brynjólfsdóttir
Laufey Þórarinsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símanúmer	4
3. Áfallaáætlun – hlutverk áfallateymis.....	5
Áfallaráð Kópavogs.....	5
4. Áfallahjálpi.....	6
Áfallahjálpi fyrir börn.....	6
Áfallahjálpi fyrir starfsfólk.....	6
Áfallahjálpi fyrir foreldra	6
Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum	6
5. Börn og sorg.....	7
Algeng sorgarviðbrögð barna:.....	7
Sorgarferli.....	7
6. Vinnuferlar	8
Veikindi barns	8
Bráðaofnæmi	8
Slys á barni.....	9
Foreldraviðtal eftir slys á barni	10
Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum	10
Barn og skilnaður foreldra.....	11
Ef barn týnist.....	12
Andlát barns	13
Veikindi eða slys aðstandanda barns.....	14
Andlát aðstandanda barns.....	15
Veikindi/slys starfsmanns.....	16
Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns.....	17
Andlát starfsmanns	17
Andlát aðstandanda starfsmanns	18
7. Ítarefni	19

1. Inngangur

Áfallaáætlun Lækjar er handbók sem ætluð er til að styðja starfsmenn og vísa veginn ef áföll verða hjá barni, starfsmanni eða aðstandendum þeirra. Lögð er áhersla á að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og festu.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólustjóra, staðgengils hans eða áfallateymis svo hægt sé að bregðast við á markvissan hátt.

Áföll eru af ýmsum toga. Sem dæmi um áföll má nefna skilnað, alvarleg veikindi, slys, dauðsfall, atvinnumissi, ofbeldi, misnotkun, einelti og náttúruhamfarir.

Félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. flutningar, vímuefnanotkun, atvinnuleysi, ofbeldi, misnotkun, niðurstöður úr þroskamati, langvarandi fjarvera vegna sjúkdóma eða slysa geta haft áhrif á líðan barns.

Sorg og sárar tilfinningar eru eðlileg viðbrögð við missi. Missir er ekki eingöngu bundin við andlát. Hann getur tengst skilnaði, veikindum, fötlun og öðru mótlæti. Sorg er hluti af lífsgöngunni og því skiptir miklu máli að starfsfólk leikskólans sé í stakk búð til að veita stuðning þeim sem á hjálp þurfa að halda. Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Handbók sem þessi er aldrei tæmandi og er endurmetin á tveggja ára fresti. Aftast í handbókinni er blað þar sem starfsmenn kvitta fyrir að þeir hafi kynnt sér efni handbókarinnar. Einnig er óskað eftir að starfsmenn skrái niður ábendingar eða viðbætur sem fjallað verður um þegar endurmat fer fram. Markmiðið er að áfallaáætlun verði lifandi plagg þar sem fram koma upplýsingar um hvernig á að bregðast við þegar áföll eða sorg ber að dyrum.

2. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símanúmer

Ef tilkynning berst um slys, alvarleg veikindi eða dauðsfall á að láta skólastjóra, deildarstjóra og áfallateymi strax vita.

Áfallateymi:

Kristín Laufey Guðjónsdóttir leikskólastjóri	441 5901 / 840 2685
Edda Guðrún Valdimarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri	441 5902 / 843 4442
Guðrún Matthildur Arnardóttir sérkennslustjóri	441 5903 / 770 8560
Eyrún Brynjólfssdóttir deildarstjóri Álhóli	441 5911 / 695 9448
Laufey Þórarinsdóttir deildarstjóri Laufinu	441 5916 / 696 6526

Velferðarsvið Kópavogs/Barnavernd	441 1550
Eftir lokun, vegna neyðartilvika	1 1 2

Leikskóladeild:	441 0000
Sigurlaug Bjarnadóttir	441 2855 / 861 5440
Guðrún Bjarnadóttir	441 2852 / 860 9166
Marianna Einarsdóttir	441 2857 / 892 1090
Anna Karen Ásgeirsdóttir	441 2853 / 695 6945

Almannatengill Kópavogs: Sigríður Björg Tómasdóttir	441 1351 / 821 7506
---	---------------------

Prestar í Digraneskirkju:

Sr. Gunnar Sigurjónsson	554 1620 / 554 1630
Sr. Magnús Björn Björnsson	554 1620 / 554 1630
Bakvaktasími presta í Kópavogi	843 0444

Heilsugæslan Hvammur	513 5850
----------------------	----------

Áfallahjálpi – Landspítalinn Fossvogi	543 1000
Kvennaathvarfið	561 1205
Barnahús	530 2500

Túlkaþjónusta - Jafnréttishús	534 0107 / 534 0108
Kvöld- og helgarsími túlkaþjónustu	899 2301

3. Áfallaáætlun – hlutverk áfallateymis

Áfallaáætlun er unnin af áfallateymi undir stjórn leikskólastjóra og er endurskoðuð annað hvert ár, slétt ártal, og endurmetin eftir hvert áfall.

Áfallateymi er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og tveimur starfsmönnum. Hlutverk áfallateymis er að vera starfsfólki leikskólans til aðstoðar við að halda utan um ferlið sem fer í gang við áföll.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra, staðgengils hans eða áfallateymis.

Áfallateymi er bundið trúnaði

Leikskólastjóri eða áfallateymi leitar staðfestingar á atburðinum eftir ábyggilegum leiðum. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir. Áfallateymi skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum. Mikilvægt er að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og vel útskýrð.

Hvert atvik er einstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Áfallateymi ákveður hvernig upplýsingamiðlun er háttað, hver sér um að koma upplýsingum áfram og hver sér um móttöku upplýsinga.

Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum um atburði sem hafa átt sér stað í leikskólanum er vísað á almannatengil Kópavogsbæjar.

Leikskólastjóri leitar samráðs við starfsmenn leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogs, aðra leikskólastjóra, sóknarprest og starfsfólk heilsugæslunnar ef ástæða þykir til.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum er mikilvægt að viðkomandi hafi í huga að það sem skiptir mestu máli er: *Hlýtt hjarta, faðmlag, stór eyru og lítill munnur.*

Áfallaráð Kópavogs

Tvö ráð starfa í bænum; austan og vestan Reykjanesbrautar og í hvoru þeirra sitja fjórir aðilar frá skóla, velferðarsviði, heilsugæslu og þjóðkirkjunni. Verkefni teymanna felast í að halda fræðslufundi fyrir skólastjórnendur, lögreglu, íþróttafélög, skáta og fleiri aðila í því skyni að bæta þekkingu á áföllum og úrræðum í kjölfar þeirra. Samstarfi hefur verið komið á við lögreglu, Rauða krossinn og áfallateymi LSH.

Tengiliður Lækjar við Áfallaráð Kópavogs er Anna Rósa Sigurjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Álfaheiði.

4. Áfallahjálpi

Áfallahjálpi fyrir börn

- Notið opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti.
- Greinið barninu frá staðreyndum: *Hvað hefur gerst - Hvernig gerðist það - Hvað mun gerast í framhaldinu.*
- Talið við barnið í samræmi við aldur þess og þroska.
- Útskýrið ekki of fræðilega fyrir barninu heldur notið einfalt orðalag.
- Forðist huglægar útskýringar og notið ekki orð eins og *svefn*, *ferð* o.s.frv. í staðinn fyrir *dauði*.
- Forðist að nota líkingamál, tala undir rós og nota orðatiltæki.
- Leikskólinn er griðastaður barnsins og því mikilvægt að hafa allt í föstum skorðum og halda daglegu skipulagi.

Áfallahjálpi fyrir starfsfólk

- Áfallateymi leikskólans og starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir liðan samstarfsmanna og leita aðstoðar ef þurfa þykir t.d. hjá sálfræðingi, presti eða heilbrigðisstarfsfólki.

Áfallahjálpi fyrir foreldra

- Áfallateymi leikskólans og starfsmenn þurfa að vera til staðar fyrir foreldra og aðra aðstandendur þegar áfall dynur yfir. Áfall getur verið af ýmsum toga s.s. við andlát, skilnað eða greiningu sem barn fær. Mikilvægt er að fylgja málum eftir t.d. með spurningum eða klappi á öxl til að sýna viðkomandi umhyggju og athygli.

Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum

- Fjölmenningarsetur veitir ráðgjöf vegna áfalla og þar er starfandi upplýsingafulltrúi, síminn þar er 450 3090. Á heimasíðu www.mcc.is er hægt að finna nánari upplýsingar.
- Á vef landlæknisembættisins er ritið „Menningarheimar mætast“ á tölvutæku formi sem fjallar um ýmsa síði og venjur mismunandi trúarbragða. Hægt er að nálgast ritið á netslóðinni: <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item1965/489.pdf>

*Persónulegra er að hringja í foreldra við áfall,
mikilvægt er að samræma upplýsingagjöf*

5. Börn og sorg

Algeng sorgarviðbrögð barna:

- Kvíði
- Svefntruflanir
- Leiði og söknuður
- Reiði eða annað atferli sem kallar á athygli
- Sektarkennd og sjálfsásakanir
- Erfiðleikar í skóla
- Líkamleg einkenni

(Sigurður Pálsson. Börn og sorg 1998:27)

Sorg barna er ekki eins samfelld og fullorðinna. Eftir fyrstu viðbrögðin, getur sorgin vitjað þeirra ítrekað við tilteknar aðstæður í lífinu, t.d. á merkisdögum og getur fylgt þeim með einum eða öðrum hætti til fullorðinsára. Börn virðast almennt dylja sorg sína fremur en fullorðnir. Sökum þess hve sorgin gengur nærri tilfinningalífi þeirra leitast þau oft við að beina huganum að einhverju skemmtilegu til þess að hlífa sér. Börn fela oft sorg sína, meðvitað eða ómeðvitað, til að hlífa fullorðnum syrgjendum í kringum sig og reyna þess í stað að geðjast þeim og gleðja.

Viðbrögð barna við missi eru mismunandi. Þau fara eftir aldri og persónuleika barnsins, tengslum við hinn látna, nánasta umhverfi barnsins og aðstæðum. Viðbrögð barna við andlátsfréttum geta verið ólík, veik eða sterk eftir einstaklingum og aðstæðum hverju sinni.

Börn skynja dauðann út frá sínum eigin forsendum. Á ólíkum aldri og þroskaskeiðum hafa þau ólíkan skilning á því sem er að gerast í þeirra lífi.

Börn á leikskólaaldri geta skynjað dauðann eins og svefn og eiga erfitt með að skilja að hinn látni getur ekki vaknað til lífsins að nýju. Sú útskýring að amma sé í kirkjugarðinum og á sama tíma hjá Jesú er þeim mjög ruglingsleg. Varast ber að nota orð eins og: „Hann er farinn“ eða „Hann er sofnaður svefninum langa“, því ef einhver fer þá kemur hann aftur og við vöknum aftur eftir svefn.

Sorgarferli

Fræðimenn hafa sett fram mismunandi kenningar um sorgarferli. Colin Mary Parkers, breskur geðlæknir, skiptir sorgarferlinu niður í fjögur tímabil:

1. Doði/lost, tilfinningaleysi og afneitun á staðreyndum missisins
2. Söknuður, afneitun og reiði
3. Upplausn, örvænting og vanmáttur
4. Enduruppbygging

Einstaklingurinn verður að fá útrás fyrir tilfinningar sínar og ljúka hverju tímabili fyrir sig. Þó eru alltaf bakslög en þau verða ekki eins sársaukafull þegar lengra líður frá missinum. Misjafnt er hvað sorgarferlið er talið taka langan tíma en tvö ár er algengur tími.

Leita skal leiða til að hjálpa börnunum að vinna úr tilfinningum sínum t.d. í leik og sköpun

6. Vinnuferlar

Veikindi barns

Markmiðið er:

- *Að hlúa að barni þegar það veikist*
- *Að meta líðan barns og láta foreldra vita á rólegan og yfirvegaðan hátt*

Lýsing:

- Mikilvægt er að leyfa barni sem er veikt að hvíla sig á rólegum stað.
- Ef barni líður illa er hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja barnið í leikskólann.
- Ef um smitandi sjúkdóm er að ræða skal auglýsa það á upplýsingatöflum deilda og senda tölvupóst þannig að aðrir foreldrar viti um sjúkdóminn.
- Stuðst er við *Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna* og viðmið varðandi meðgöngu sjúkdóms, smithættu og hvenær barn má koma aftur í leikskólann.
- Innivera eftir veikindi er að hámarki einn til tveir dagar.
- Möguleiki er á styttri útiveru í þeim tilfellum sem það á við, þ.e. að barnið fari síðast út og komi fyrst inn.
- Mikilvægt er að starfsmenn sýni hluttekningu og gefi foreldrum og barni tíma til að tjá sig um veikindin.
- Lyfjagjöf fer fram heima nema í undantekningartilfellum.
- Ef um langtímaveikindi er að ræða er það hlutverk deildarstjóra í samvinnu við áfallateymi að skipuleggja samráð, upplýsingagjöf, teymisvinnu og fræðslu til starfsmanna og jafnvel annarra foreldra.

*Leikskólinn er fyrir frísk börn og er
útivera mikilvægur þáttur í leikskóla-
starfinu jafnt að sumri sem vetri*

Bráðafnæmi

- Ef barn fær slæmt ofnæmiskast er strax hringt í 1 1 2 og penni notaður ef hann er til staðar.
- Ef barn er með slæmt bráðafnæmi og þarf að fá sprautu skulu fylgja með upplýsingar um barnið, mynd af því, símanúmer foreldra og hverju barnið er með ofnæmi fyrir.
- Sprautan er geymd í lyfjaskáp á skrifstofu leikskólastjóra í Stóra-Læk og í lyfjaskáp í eldhúsi í Litla-Læk.
- Mikilvægt er að taka pennann með barninu þegar farið er í ferðir.
- Eitrunarmiðstöð er opin allan sólarhringinn, einfaldast er að ná samband þangað í gegnum Neyðarlínuna í síma 1 1 2.

Slys á barni

Markmiðið er:

- *Að hlúa samstundis að barninu*
- *Að koma í veg fyrir hræðslu, óöryggi og mistök*
- *Að starfsmenn vinni saman og skipti með sér verkum*
- *Að vinna hratt og örugglega*

Lýsing:

- Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til foreldra. Ef um minni háttar slys er að ræða fara foreldrar með barnið til læknis. Leita ber til heilsugæslustöðva sé þess kostur.
- Verði alvarlegt slys t.d. höfuðhögg eða ef einhver vafi er um alvarleika slyss, ber tafarlaust að hringja í 112. Starfsmaður fer með barni í sjúkrabíl á bráðamóttökuna.
- Nauðsynlegt er að láta foreldra vita eins fljótt og auðið er. Mikilvægt er að tilkynna foreldrum slíkt með nærgætni og rétt að það sé í höndum leikskólastjóra eða deildarstjóra.
- Ef barn slasast alvarlega fer fulltrúi frá lögreglunni til foreldra með upplýsingar um slysið. Foreldrar bera ábyrgð á því að réttar upplýsingar um heimilisföng og vinnustaði foreldra séu í bráðabókum leikskólans.
- Þegar hringt er í 112 kemur lögregla á staðinn og sér hún um að gera slysarannsóknarskýrslu. Mikilvægt er að fylgja skýrslugerðinni eftir. Þetta getur skipt sköpum síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku eða málsóknar.
- Senda þarf afrit af öllum tjónatilkynningum á Lilju Ástudóttur innkaupafulltrúa Kópavogsbæjar. Netfangið hennar er: lilja.astu@kopavogur.is
- Ef barn slasast er slysið skráð á sérstakt eyðublað, slysaskráningarblað sem er við sjúkrakassa í báðum húsum.
- Sjúkrakassar eru í leikskólanum með nauðsynlegustu skyndihjálpargögnum. Þeir eru staðsettir við pappírskommóðu í miðrymi Stóra-Lækjar og í alrými Litla-Lækjar, gegnt bókasafni.
- Ef farið er með barn til læknis skal hafa meðferðis bráðupplýsingar um barnið sem staðsettar eru á deild þess.
- Börn eru slysatryggð í leikskólum Kópavogs. Greiddur er kostnaður vegna slysa sem eiga sér stað í leikskólanum og á leið í og úr leikskóla.
- Ef barn slasast er mikilvægt að gefa því kost á að vinna úr reynslu sinni.
- Funda skal með foreldrum, sjá vinnulýsingu hér að neðan.
- Ef barn kemur ekki strax í leikskólann þurfa starfsmenn að hafa samband við foreldra og fylgjast með liðan barnsins.
- Starfsmenn leikskólans sækja slysavarnanámsskeið annað hvert ár.

*Hin gullna regla vináttunnar: Hlustaðu á aðra
á sama hátt og þú vilt að aðrir hlusti á þig*

Foreldraviðtal eftir slys á barni

Markmiðið er:

- *Að upplýsa foreldra um slysið*
- *Að kynna þær tryggingar sem leikskólinn er með*
- *Að kynna foreldrum endurskoðun á verkferlum og búnaði, ef við á*

Lýsing:

- Deildarstjóri og leikskólastjóri útskýra fyrir foreldrum hvernig slysið átti sér stað.
- Leikskólastjóri útskýrir tryggingar sem bærinn er með vegna leikskólabarna.
- Fylla skal út skýrslu í samráði við foreldra og senda hana undirritaða og stimplaða af leikskólastjóra til VÍS og á Sjúkratryggingar Íslands. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar tanntjón verður þar sem oft getur liðið nokkur tími þar til í ljós kemur hve alvarlegt tjón hefur orðið.
- Allir reikningar vegna slysa (frumrit) verða að berast til Sjúkratrygginga Íslands sem sér um endurgreiðslu til foreldra.
- Kópavogsbær er ekki með tryggingar vegna tjóns á persónulegum munum barna á leikskólaaldri. Foreldrum er bent á eigin heimilstryggingar.

Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum

Markmiðið er:

- *Að bregðast við af öryggi og festu*
- *Að snúa sér til réttra aðila með málið*

Lýsing:

- Í barnaverndarlögum, nr. 80/2012 í 16. og 17. grein, er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna barna en tilkynningarskylda gengur framár ákvæðum um þagnarskyldu. Í lögnum segir að hverjum, sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreiti eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Ef grunur vaknar hjá starfsmanni um einhver ofangreind atriði ber starfsmanni að tilkynna það leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Mikilvægt er að starfsmaður haldi ró sinni og hrósi barni fyrir hugrekki sitt að segja frá. Starfsmaður þarf að spyrja barn opinna spurninga t.d. „Hvað er að?“, „Viltu segja mér meira?“. Mikilvægt er að skrá nákvæmlega hvað barnið sagði.
- Leikskólastjóri skal leita ráðgjafar hjá Velferðarsviði Kópavogs. Ef leikskólastjóri metur aðstæður þannig, í samráði við félagsráðgjafa, að taka eigi málið í formlegt ferli er það gert með tilkynningu til barnaverndaryfirvalda.
- Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri gera grein fyrir aðstæðum. Foreldrum er sýnt afrit af tilkynningu sem sent verður barnaverndaryfirvöldum.
- Ef grunur leikur á að foreldrar eigi hlut að máli tilkynnir leikskólastjóri málið til barnaverndaryfirvalda Kópavogs tafarlaust, án vitundar foreldra.
- Menntasvið Kópavogs hefur sett sér verklagsreglur og forvarnarstefnu til verndar börnum vegna gruns um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.
- Verklagsreglurnar eru á deildum og á heimasíðu leikskólans.

Barn og skilnaður foreldra

Markmiðið er:

- *Að koma til móts við barn og foreldra þess í skilnaðarmálum*

Lýsing:

- Starfsmenn þurfa að vera í stakk búnir til að koma til móts við breyttar þarfir barns.
- Starfsmenn þurfa að vera vakandi yfir viðbrögðum barns við skilnaði og gera sér grein fyrir áhrifum hans á barnið.
- Starfsfólk tekur ekki afstöðu með öðru foreldri í skilnaðarmálum né tekur þátt í skilnaði með foreldrum. Hagur barnsins skal hafður að leiðarljósi og leikskólinn skal vera griðastaður barnsins.
- Brýna skal fyrir foreldrum að láta vita um breytingar á högum barnsins í framhaldi af skilnaði.

Barnið í kjölfar skilnaðar:

- Börn geta sýnt afturhvarf í þroska s.s. farið að sjúga fingur eða gera eitthvað annað sem þau voru hætt að gera. Börnin leita í öryggi og það sem þeim áður var tamt.
- Sum börn eiga erfðara með að skilja við foreldra þegar þau koma í leikskólann. Þau eru að upplifa að annað foreldrið sé flutt í burtu og verða jafnvel hrædd um að hitt yfirgefi sig líka.
- Barnið þarf að fá vissu fyrir því að það sé ekki ástæða skilnaðarins. Börn kenna sér í sumum tilfellum um þá stöðu sem upp er komin og geta fundið ýmsar ástæður sem þau tengja við skilnaðinn.

Foreldrar geta fengið bókina „Börn og skilnaður“ eftir Benedikt Jóhannsson að láni. Hún er í Áfallaráðskassa í bókasöfnum Stóra- og Litla-Lækjar. Einnig er listi með ýtarefni aftast í þessu riti.

Deildarstjóri þarf að fá upplýsingar hjá foreldrum um stöðu mála og hvernig barnið taki breyttu fjölskyldumynstri. Kennarar leikskólans þurfa að vera vakandi yfir því hvort barnið sýni einhverjar skapgerðarbreytingar s.s. sýni afturför í þroska, leiti eftir öryggi, er háværara og fyrirferðarmeira. Kennarar þurfa að koma til móts við þarfir barnsins og hafa í huga að leikur og sköpun er mikilvæg leið fyrir barnið til að vinna úr tilfinningum sínum.

Börn frá fæðingu til tveggja ára aldurs hafa ekki þroska til að gera sér grein fyrir aðstæðum. Mesta röskunin er þegar foreldri á erfitt með að veita barninu tilfinningalegt öryggi sökum vanlíðan. Þegar foreldrarnir jafna sig tilfinningalega fer barninu að líða betur.

Verum minnug þess að sýna áföllum virðingu en gætum þess að festast ekki í umræðum um áfallið



Ef barn týnist

Markmiðið er:

- *Finna barnið sem allra fyrst*
- *Að allir viti hlutverk sitt þegar leit hefst þ.e. hvað eigi að gera*

Lýsing:

- Að athuga hvort búið sé að skrá barnið út.
- Hafa samband við starfsmenn sem eru farnir heim til að athuga hvort þeir hafi hvatt viðkomandi barn.
- Finna út hver sá barnið síðast og hvar.
- Fara strax að leita að barninu inni í leikskólanum, á leikskólalóðinni og í næsta nágrenni.
- Hringja í báða foreldra finnist barnið ekki. Það kemur fyrir að foreldrar eða aðrir sem sækja barn gleyma að láta vita. Ef ekki næst í foreldra á að hringja í tengiliði.
- Finnist barnið ekki fljótlega er óskað eftir aðstoð lögreglu í síma 1 1 2.
- Ef leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri eru fjarverandi skal kalla þá út til leitar.
- Starfsmenn annarra deilda aðstoða við að hugsa um barnahópinn.
- Ef barn týnist utan leikskólans t.d. í vettvangsferðum, skal strax haft samband við lögreglu í síma 1 1 2.
- Ef utanaðkomandi aðili finnur barnið og kemur því á leikskólann skal ávallt fá nafn, kennitölu og símanúmer viðkomandi og spyrja hann út í málsatvik.



Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Andlát barns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við foreldra, börnin í leikskólanum og samstarfsfólkið af hlýju, varfærni og umhyggju*
- *Að gera alla hluti af vandvirkni og yfirvegun*
- *Að skapa ró og festu*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir deildarstjórum og deildarstjóra leikskóladeildar um andlátið. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til starfsmanna.
- Gætt skal að því að tilkynna andlátið sérstaklega þeim starfsmönnum sem tengjast hinu látna barni fjölskylduböndum.
- Áfallateymi og leikskólastjóri fara yfir það sem gera þarf áður en börn og starfsfólk mæta í leikskólann fyrsta daginn eftir áfallið. Ef kostur er skal bera aðgerðir leikskólans undir aðstandendur og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Foreldrum barnanna á deildinni er tilkynnt um andlátið símleiðis svo fljótt sem auðið er og foreldrum annarra barna með tölvupósti.
- Foreldrar eru beðnir um að ræða við barn sitt og upplýsa það um andlátið. Því er sleppt ef börnin á deildinni eru mjög ung.
- Deildarstjóri ræðir andlátið við börnin á deildinni, á þó ekki við um yngri börn leikskólans, og eru foreldrar upplýstir um það áður. Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi eða öðru samstarfsfólki.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsmenn, börn og foreldra annarra barna ef þörf er á.
- Haldin er kyrrðarstund.
- Starfsfólk deildarinnar vinnur með börnunum t.d. les sögu eða ljóð. Börnin teikna mynd í minningu barnsins. Setja skal mynd af barninu í ramma á fallegan stað á deild barnsins og blóm í vasa.
- Börn í áfalli – sköpum rólegar stundir og höfum börnin í minni hópum. Með því gefum við þeim tækifæri á að tjá sig.
- Leikskólastjóri eða staðgengill ásamt deildarstjóra og áfallateymi skipuleggja næstu daga, með stuðningi sérfræðinga ef þörf er á.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna t.d. foreldrar annarra barna, vinur eða einhver sem þekkir fjölskylduna vel.
- Búið er til myndaalbúm með myndum af barninu (ca. 10 -15 myndir) og það afhent fjölskyldunni við tækifæri.
- Starfsfólk deildarinnar þarf að fá upplýsingar frá foreldrum barnanna um líðan þeirra heima. Þannig er betur hægt að koma til móts við þarfir þeirra í leikskólanum.

- Við fráfall barns hittist starfsfólk deildarinnar á fundi á hverjum morgni fram yfir jarðaför eða lengur ef þurfa þykir. Mikilvægt er að samræma aðgerðir og ákveða næstu skref.
- Panta krans eða blóm frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Skrifa minningargrein og senda hana á fjölmiðla.
- Öllum starfsmönnum skal gefið tækifæri á að fara við jarðarför. Meta skal hverju sinni hvort loka eigi leikskólanum.
- Ef hluti starfsmanna fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og taka þátt í viðrunarfundi þar sem farið er yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.

Annastu vel þá sem þér þykir vænt um

Veikindi eða slys aðstandanda barns

Markmiðið er:

- *Að hlúa að og veita barni og fjölskyldu þess stuðning*
- *Að gefa barninu tækifæri á að tjá liðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt*
- *Að fylgjast með liðan og tilfinningum barns í samráði við fjölskyldu þess og skapa ró og festu*

Lýsing:

- Finna tengilið við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um veikindi, slys eða bata aðstandanda. Einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um hvað barninu hefur verið sagt um veikindin eða slysið.
- Starfsfólk er látið vita svo að breytt hegðun barnsins komi ekki á óvart.
- Starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram um að lesa í liðan barnsins.
- Leyfa spurningar og samtöl. Vera tilbúin að hlusta á barnið og hvetja það til að senda myndir og kveðjur til aðstandandans.
- Veita barninu hlýju og skilning.
- Reyna að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefin kostur á að tjá sig á margvíslegan hátt.
- Vera í góðu sambandi við fjölskylduna og hafa heiðarleg og opin samskipti.
- Taka mið af þroska barnsins þegar skýringar eru gefnar.
- Forðast að vera með flóknar útskýringar og leiðréttá misskilning hjá barninu.

Andlát aðstandanda barns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju, varfærni og umhyggju*
- *Að gera alla hluti af vandvirkni og yfirvegun og skapa ró og festu*
- *Að gefa barninu tækifæri á að tjá líðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt*
- *Að fylgjast með líðan og tilfinningum barns og barnahópsins*
- *Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar og ávallt skal vera í samráði við fjölskyldu barnsins*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi ef það á við. Hann tilkynnir um andlátið en metið er hverju sinni hverjum tilkynningin berst.
- Votta aðstandendum og barni samúð þegar komið er til baka í leikskólann.
- Leikskólastjóri ásamt stjórnendum leikskólans skipuleggja næstu daga. Meðal annars hvernig taka skuli á móti barni þegar það kemur aftur í skólann og hvernig áframhaldandi vinnu skuli háttað.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um gang mála ef þarf.
- Deildarstjóri ræðir við foreldri/tengilið og kannar hvernig andlátið hafi verið útskýrt fyrir barninu, þannig að leikskólinn verði í samhljómi við forráðamenn barnsins.
- Foreldrum annarra barna er tilkynnt andlátið í síma eða í tölvupósti í samráði við forráðamenn og þeir beðnir að ræða við börn sín um andlátið.
- Mikilvægt er að starfsfólk deilda ræði við foreldra barna á deildinni um líðan barnanna næstu daga.
- Deildarstjóri/leikskólastjóri ræðir andlátið við börnin á deildinni (fer eftir aldri barnanna) og heldur kyrrðarstund þar sem kveikt er á kerti og sett upp mynd af viðkomandi. Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi og samstarfsfólki.
- Reynt að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefið kostur á að teikna eða ræða atburðinn.
- Ef foreldri barns eða systkini fellur frá fer ákveðinn hópur starfsmanna og leikskólastjóri í jarðarförina.
- Ef barn missir nána aðstandendur er barninu gefið tækifæri til að búa til kort eða teikna mynd og í kortið er settur texti og kveðja frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Ef barn missir foreldri eða systkini skal leikskólastjóri og deildarstjóri heimsækja barnið og fjölskylduna fyrir jarðafarardag og færa þeim samúðargjöf/kveðju frá börnum og starfsfólki. Börnin á deildinni útbúa samúðarkort sem komið er til viðkomandi barns með samúðarkveðjum frá leikskólanum.
- Ef hluti starfsmanna fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefni tími til að setjast niður eftir athöfnina og taka þátt í viðrunarfundi þar sem farið er yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.

Faðmlag er frábær gjöf

Veikindi/slys starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að hlúa samstundis að starfsmanni*
- *Að starfsmenn vinni saman og skipti með sér verkum*
- *Að vinna hratt og örugglega*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Verði alvarlegt slys eða veikindi í leikskólanum eða einhver vafi er á, ber tafarlaust að hringja í 1 1 2 og fara með starfsmann á sjúkrahús.
- Hafa skal meðferðis bráðupplýsingar um starfsmann sem staðsettar eru í Einbúa, skrifstofu leikskólastjóra.
- Nauðsynlegt er að láta aðstandanda vita, sjá símanúmer í bráðabók starfsmanna.
- Í öllum alvarlegum slysum á að kalla til lögreglu og fá gerða slysarannsóknarskýrslu. Þetta getur verið mikilvægt síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku eða málsóknar.
- Kalla saman áfallateymi og fá utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til samstarfsmanna og leikskólafulltrúa. Hafa tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt slys eða veikindi er að ræða.
- Ef um langvarandi veikindi er að ræða hjá starfsmanni er mikilvægt að sýna honum skilning og fylgjast með liðan hans. Mikilvægt er að leikskólastjóri eða deildarstjóri verði í sambandi við starfsmann og miðli upplýsingum í samráði við hinn veika.
- Mikilvægt er að vera vakandi yfir liðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.
- Vinnuveitanda ber að tilkynna Vinnueftirlitinu um vinnuslys innan sólarhrings frá slysi. Netslóðin á tilkynningareyðublaðið er:
http://www.vinnueftirlit.is/media/eydublod/tilkynning_um_vinnuslys.pdf
- Vinnuveitandi skal tilkynna slysið til VÍS eins fljótt og auðið er. Netslóðin á tilkynningareyðublaðið er: http://vis.is/media/1501/tilkynning_um_tjon_vinnuslys.pdf
- Vinnuveitanda ber að tilkynna slys til Sjúkratrygginga Íslands. Netslóðin á eyðublaðið er: <http://www.sjukra.is/media/slys/Eydublad-tilkynning-um-slys-onnur-en-sjoslys.doc>
- Senda skal afrit af öllum tjónstilkynningum á Lilju Ástudóttur innkaupafulltrúa Kópavogsbæjar: lilja.astu@kopavogur.is
- Starfsmenn Kópavogsbæjar eru slysatryggðir á vinnustað. Tryggingar gilda einnig til og frá vinnu. Greiddur er útlagður kostnaður vegna vinnuslysa.

Sjúkrakassar eru í leikskólanum með nauðsynlegustu skyndihjálpargögnunum. Þeir eru staðsettir við pappírskommóðu í miðrymi Stóra-Lækjar og í alrými Litla-Lækjar, gegnt bókasafni.

Tryggur vinur er gulls ígildi

Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á veikindum eða slysi, kallar saman áfallateymi ef við á, tilkynnir starfsmönnum um atburðinn og ákveðin eru næstu skref.
- Vera í góðu sambandi við starfsmann og bjóða fram aðstoð.
- Finna tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt tilfelli er að ræða því starfsmaður gæti átt erfitt með að vera í sambandi við vinnustað.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda.

Andlát starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi. Áfallateymið leitar eftir utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Tilkynna skal samstarfsmönnum og deildarstjóra leikskóladeildar um andlátið. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til samstarfsmanna.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsmenn, börn og foreldra þeirra ef þörf er á.
- Starfsmönnum er boðið upp á áfallahjálp.
- Votta aðstandendum samúð, valin er tengiliður við fjölskylduna úr hópi starfsmanna.
- Tilkynna foreldrum barna, á þeirri deild sem starfsmaður starfaði á, um andlátið símléiðis.
- Tilkynna öðrum foreldrum andlátið með tölvupósti.
- Ef andlát starfsmanns ber að í leikskólanum er hringt í 1 1 2.
- Símanúmer aðstandanda starfsmanna eru í möppu sem merkt er Bráðaupplýsingar starfsfólks, mappan er í Einbúa, skrifstofu leikskólastjóra.
- Haft skal samband við foreldra og tilkynna þeim andlátið og óska eftir að foreldrar sæki börn sín. Muna að samræma það sem sagt er við foreldra því foreldrar eru mikilvægir hlekkir í stuðningi við börnin.
- Haldin er kyrrðarstund/viðrunarfundur í leikskólanum, við fyrsta tækifæri, þar sem starfsmanns er minnst.
- Vera vakandi fyrir viðbrögðum barna, starfsmanna og foreldra.
- Upplýsa skal starfsmenn og foreldra um gang mála.
- Þegar minnast á starfsmann skal hafa samráð við aðstandendur vegna aðkomu starfsmanna.
- Skrifna minningargrein og senda hana á fjölmiðla.
- Ef jarðarför er opinber er leikskólanum lokað á meðan á útför stendur.

Andlát aðstandanda starfsmanns

Maki, barn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir starfsmönnum og leikskólafulltrúa um andlátið.
- Leita skal eftir aðstoð og hjálp sérfræðinga og/eða sóknarprests sem aðstoðar við næstu skef, ef þörf er á.
- Starfsmönnum sem þess óska er boðið upp á áfallahjálp.
- Votta starfsmanni samúð, valinn er tengiliður við starfsmann eða ættingja hans úr hópi starfsmanna. Mikilvægt er að hafa starfsmann með í ráðum eins og kostur er.
- Færa starfsmanni samúðarkort og gjöf frá samstarfsfélögum og börnum.
- Upplýsa foreldra um andlátið ef um maka eða barn er að ræða.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur í vinnuna.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda. Sjá nánar lesefni í Áfallaráðskassa í Mýri og Kjarri.
- Ef hluti starfsmanna fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og taka þátt í viðrunarfundi þar sem farið er yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.

Ekkert er betra en hvatning góðs vinar



7. Ítarefni

Anna Ingólfssdóttir, Guðfinna Eydal og Jóna Hrönn Bolladóttir. (2012). *Makalaust líf*.

Barnaverndarstofa. Netslóð: <http://www.bvs.is/fagfolk/>

Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaður*.

Bragi Skúlason. (1994). *Sorg barna*.

Bragi Skúlason. (1992). *Von*.

Dagný Zoega. (2003). *Barnið og sorgin*. Netslóð: <http://doktor.is/grein/barnid-og-sorgin>

Drífa Lind Harðardóttir og Ólöf Birna Björnsdóttir. (2008). *Sorg barna í grunnskólum*.

Netslóð: <http://mennta.hi.is/verkefni/lokaverkefni/v2008/sorg/index.htm>

Guðrún Alda Harðardóttir/Halla Sólveig. (1997). *Það má ekki vera satt*.

Harpham, Wendy Schlessel. (2014). *Þegar foreldri fær krabbamein, um börn og alvarleg veikindi*.

Hólmfríður Ólafsdóttir. (2010). *Sorgarviðbrögð barna við dauðsfall foreldris og við skilnað foreldra*. Netslóð:

http://skemman.is/stream/get/1946/5288/15854/1/Ritger%C3%B0_H3_FINAL_final.pdf

Karl Sigurbjörnsson. (2007). *Til þín sem átt um sárt að binda*.

Krabbameinsfélagið, fræðslurit. (1999). *Mamma, pabbi, hvað er að?*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð barna og öryggi barna í leikskólum*. Netslóð: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Drog-a-vef---handbok-um-velferd--og-oryggi-barna-i-leikskolum--.pdf>

Rauði kross Íslands. (e.d.) *Þegar lífið er erfitt*.

DeWolfe, Deborah. (2006). Aðstoð við börn eftir áfall. *Rauði kross Íslands*. Netslóð: <http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross32.woa/swdocument/1039340/A%C3%B0sto%C3%B0+vi%C3%B0+b%C3%B6rn+eftir+%C3%A1fall.pdf?wosid=false>

Sigurbjörn Einarsson. (2004.) *Af hverju afi*.

Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg*.

Umboðsmaður Barna. Netslóð: <https://www.barn.is/>

Warren, Norman. (1999). *Hver er tilgangurinn?*

Þorbjörg Otta Jónasdóttir. (2009). *Börn og áföll. Áföll og sorg barna í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla*. Netslóð:

http://skemman.is/stream/get/1946/3628/10739/1/Lokaritger%C3%B0_yfirfarin_af_D%C3%ADsu.pdf